

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2020 eftirfarandi:

Hraungata 8, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.
Breytingin gerir ráð fyrir sólskýli á svölum 2. hæðar.

Eskiás, óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.
Tillagan gerir ráð fyrir því að B-rými reiknist til grundvallar nýtingarhlutfalli og að ákvæði um kjallara verði felld út úr tillögunni.

Aðkomutákn á Arnarnesi, óveruleg breyting á deiliskipulagi.
Tillagan gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir aðkomutákn við Hafnarfjarðarveg.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 12. febrúar 2020.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2020